

Ár 1979, þriðjudaginn 22. maí, var í málinu nr. 4/1979  
kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R ð U R:


Málavextir eru þeir, að með úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 12. desember 1978 var ákveðið að meta sjálfstæðu mati tvær íbúðir í húseigninni nr. 5 við Karlsbraut á Dalvík. Því hefur eigandi húseignarinnar ekki viljað una, og hefur kært málið til Yfirfasteignamatsnefndar. Telur hann, að húsið beri að meta í einu lagi.


Sankvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja eru tvö eldhús í umræddu húsi, hvort á sinni hæð. Hefur kærandi sagt þetta fyrirkomulag hafa verið gert að sérstakri ósk móður sinnar, en hann býi í húsinu ásamt henni.


Umrætt hús er einbýlishús að frumgerð. Með hliðsjón af því og öðrum atvikum þykir mega verða við ósk eiganda um skráningu og mat húseignarinnar í einu lagi, sbr. 7. gr. laga nr. 59/1976 og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1976, en lagaákvæði þessi skylda ekki fortakslaust til aðgreinds mats tveggja eða fleiri íbúða, enda þótt um sé að ræða fleiri eldhús en eitt í sömu húseign.

Ú R S K U R ð A R O R ð:

Fasteignin nr. 5 við Karlsbraut á Dalvík skal skráð og metin í einu lagi í fasteignamati

  
Gaukur Jörundsson.

  
Pétur Stefánsson.

  
Magnús Thoroddsen.